

# VEIÐIMÁLASTOFNUNIN



Árni Helgason

Niðurstöður rafveiða í Selá í Vopnafirði 1984

VEIÐIMÁLASTOFNUN

EINTAK BÓKASAFNS

17.10.1984

VAUST/8406

*Árni H. Helgason*

EFNISYFIRLIT.

	bls.
Inngangur	1
Framkvæmd athugana	1
Niðurstöður og ályktanir úr rafveiðum	1
Niðurstöður úr laxateljara í laxastiga 1984	5
Lokaorð	7

Mynda-og töfluskrá

Mynd 1	Lengdardreifing laxaseiða í Selá samkvæmt rafveiði 1984	2
Mynd 2	Lengdardreifing laxaseiða í efri og neðri hluta Selár 1984.	3
Mynd 3	Niðurstöður úr laxateljara í Selá	6
Tafla 1	Meðallengdir laxaseiða í Selá 1984 skv. rafveiðum 1984.	4

17.10.1984

VAUST/8406

## INNANGANGUR.

Eins og undanfarin ár, var gerð könnun á ástandi laxaseiða í Selá í Vopnafirði nú á liðnu sumri. Hér á eftir eru dregnar saman helstu niðurstöður úr þessari athugun og þær ályktanir sem þær leyfa. Fullnaðarúrvinnslu úr niðurstöðum athugana 1984 er ekki lokið og mun verða gert grein fyrir þeim síðar.

## FRAMKVÆMD ATHUGANA.

Seiðakönnun var gerð með rafveiði á 14 stöðum í Selá. Staðirnir skiptust þannig, að 6 þeirra voru fyrir utan laxastiga, 6 á svæðinu frá Laxastiga og um 1 km innfyrir Leifsstaði, og 2 á svæðinu þar innan við alveg að fræra fossinum, en á innsta svæðinu hefur ekki verið rafveitt áður.

Rafveiðar 1984 voru gerðar dagana 30.6 - 5.7.1984 nema hvað stöð við Hvammsgerði (Hvammsgerðiskvísl) var rafveidd 1. júní.


## NIÐURSTÖÐUR OG ÁLYKTANIR ÚR RAFVEIÐUM.

Niðurstöður eru dregnar saman í súluritum og töflu á mynd 1. Á súluritunum er sýndur umreiknaður fjöldi laxaseiða, sem veiddist í einni rafveiðiyfirferð á sérhverri stöð í ánni, og er miðað við 1000 m<sup>2</sup> svæði. Flokkun í einstaka aldurshópa byggir á niðurstöðum aldursákvarðana á kvörnum, sem safnað var. Í töflunni er hinsvegar sýndur raunverulegur fjöldi seiða, sem veiddist á sérhverri stöð og hver reiknisstuðullinn er miðað við 1000 m<sup>2</sup> svæði.

Á mynd 2 eru niðurstöður sýndar fyrir allar stöðvar neðan stiga, allar stöðvar ofan stiga og að síðustu fyrir ána í heild. Sem fyrr er veiddur seiðafjöldi umreiknaður á 1000 m<sup>2</sup> svæði.

Af rafveiðum undanfarinna ára má draga þá ályktun, að seiðabéttleiki í Selá hefur farið minnkandi á síðustu árum, og einkum hefur lítið orðið vart við náttúruleg laxaseiði neðan stiga. (sjá skýrslur yfir niðurstöður rafveiða 1982 og 1983). Í ár virðist sem seiðabéttleiki ofan stiga og neðan sé svipaður og tel ég að þar gæti einkum áhrifa frá seiðasleppingum undanfarinna 3ja ára, en þær hafa beinst að neðri

Fjöldi/1000 m<sup>2</sup>




Númer	Heiti	m <sup>2</sup> veitt	Fjöldi veitt	Margf. stuðull	Umreiknaður fjöldi á 1000 m <sup>2</sup>
1B	Hvamsgerðiskvísfl	264	10	3.8	38
1C	200 m nv. nýju brú	200	12	5.0	60
1A	200 m ov. nýju brú	154	28	6.5	182
2A	200 m nv. gömlu brú	90	3	11.1	33
3	við Hróaldsstaði	135	13	7.4	96
3A	Fossbreiða	120	0	8.3	0
4	200 m ov. foss	140	4	7.1	28
5	1 km nv. Aslaugarst.	120	8	8.3	66
6	við Aslaugarstaði	120	32	8.3	266
7	1 km nv. Leifsstaði	70	7	14.3	100
8	1 km ov. Leifsstaði	85	5	11.8	59
9	½ km nv. Liftingsst.	300	13	3.3	43
10	2 km ov. Fagurhól	60	10	16.7	167
11	½ km nv. fr. Foss	160	1	6.3	6

Hrygning : 1977 1978 1979 1980 1981 1982 1983  
 Klakárgangur : 1978 1979 1980 1981 1982 1983 1984  
 Tákni á súlu :


Mynd 1. Rafveiðar í Selá 1984. Á sífluritunum er sýndur fjöldi laxa-seiða, sem fengust í einni rafveiðifyrifirferð á öllum stöðvum í Selá. Til að auðvelda samanburð, er raunverulegur veiddur fjöldi á hverri stöð umreiknaður miðað við 1000 fermetra svæði. Taflan hér fyrir ofan sýnir nánari upplýsingar um staðsetningu stöðvanna, raunverulega stærð rafveiðistaða og margföldunarstuðla á hverri stöð.

Mynd 2. Rafveiðar í Selá 1984. Súluritín sýna umreiknaðan veiddan fjölda laxaseiða á öllum stöðvum í Selá miðað við 1000 m<sup>2</sup> svæði. Tákun á súluritum er sú sama og á mynd 1. Rafveiðar fóru fram 30.6 - 5.7.1984 nema hvammsgerðiskvísl, sem var rafveidd 1.6.1984.


Fjöldi á 1000 m<sup>2</sup>



Fjöldi á 1000 m<sup>2</sup>



Fjöldi á 1000 m<sup>2</sup>



hluta árinna neðan laxastiga. Að öðru leyti er ekki unnt að meta magnbundið hver seiðapéttleikinn er í ánni.

Af aldursákvörðunum á kvörnum er ljóst, að í Selá, einkum neðantil, er hluti laxaseiðanna uppruninn úr seiðasleppingum síðustu ára.

Ekki er gerð tilraun til að meta hversu stórt hlutfall þetta er af heildarveiði í rafveiðum, en brugðið á það ráð, að sýna sleppiseiði með náttúrulegum seiðaárgöngum, sem þau tilheyra stærðarinnar vegna. Þannig er hluti af þeim seiðum, sem sýnd eru á súluritunum sem klakárgangur frá 1981 í raun úr sleppingu 1982 o.s.frv.

Í töflu 1. eru sýndar meðallengdir einstakra aldurshópa laxaseiða.

Tafla 1. Meðallengdir laxaseiða í Selá úr rafveiðum 1984. Ekki er gerð tilraun til að greina sleppiseiði frá við útreikning á meðaltölum. Meðaltölin eru reiknuð fyrir alla ána.

Aldur	Fjöldi	ML.	ÖM.	Spönn
0	0	-	-	- - -
1 (og sleppiseiði frá 1984)	6	3.9	0.3	3.6 - 4.2
2 (og sleppiseiði frá 1983)	39	5.9	0.2	4.9 - 6.5
3 (og sleppiseiði frá 1982)	71	7.5	0.2	6.6 - 8.8
4	31	9.8	0.3	9.0 - 11.8

ML = Meðallengd      ÖM = Reiknuð öryggismörk með leiðréttingu

Spönn = Lægsta og hæsta gildi í hópnun.

Þeir laxaseiðaárgangar, sem eru mest áberandi í Selá í rafveiðum 1984 eru frá 1980 (ásamt sleppiseiðum frá 1981) og klakárgangur frá 1981 (ásamt sleppiseiðum 1982). 1980 árgangurinn er kominn að gönguseiðastærð og hefur væntanlega farið úr ánni að miklu leyti nú í vor, og ætti að skila sér sem smálax næsta sumar. Þetta er í samræmi við niðurstöður úr tilraun með gönguseiðagildri í Vesturdalsá í júní 1984, en þar reyndust 25% niðurgönguseiða vera úr 1981 árgangi, 70% úr 1980 árgangi og um 5% voru eldri en 1980. Af lengdardreifingu fyrir laxaseiði í Selá má ráða, að hlutur yngri seiða þ.e. frá 1981 sé minni þar en í Vesturdalsá, en að verulegur hluti 1980 árgangsins hafi gengið út.

Þess var vænst, af könnunum undanfarinna ára, að laxagöngur í Vopna-  
fjarðarárna myndu áfram stefna uppávið eins og fyrstu merki frá 1983  
sýndu, og byggðist það á því, að á þessum árum væru tveir hlutfallslega  
sterkustu árgangarnir (1978 og 1980) að skila sér í auknum mæli í  
veiðinni. Þó fór það svo, að veiði 1984 minnkaði verulega frá því sem  
var 1983, og var einkum áberandi, eins og víða um land, hversu smá-  
laxagöngur voru lélegar. Ástæða fyrir þessu er engan vegin ljós, en  
margt bendir til þess, að gönguseiði hafi gengið seint til sjávar  
1983 vegna þess hversu seint voraði, og að viðbættu því, að ganga í  
tiltölulega kaldan, hafi orðið til þess að gönguseiðin hafi mis-  
farist eða ekki náð tilskildum þroska á einu ári til þess að ganga  
í árna sem smálax. Í þessu sambandi má t.d. benda á þá staðreynd,  
að óvenju stórt hlutfall var af mjög smáum laxi í veiðinni víða um  
land á síðastliðnu sumri.

Af rafveiðiniðurstöðum má ráða, að árgangurinn frá 1981 sé sterkari  
en í fyrstu var haldið eins og fram kemur hér á undan. Þessi árgangur  
mun ganga út að miklu leyti á næsta vori ásamt síðustu seiðum frá  
1980. Um yngri árganga er fullsnemmt að segja nokkuð með vissu, en  
sé litið til þeirrar staðreyndar, að laxagöngur í Selá á síðustu  
árum hafa verið mjög lélegar, þá má ætla að fjöldi seiða úr þrygningum  
á árunum 1981-1983 sé lítil miðað við árin á undan. Ég tel því fulla  
ástæðu til, að hugsa áfram fyrir smáseiðasleppingum á ákveðin svæði  
í ánni.



#### NIÐURSTÖÐUR ÚR LAXATELJARA Í LAXASTIGA 1984.

Eins og fullkunnugt er, þá kom Veiðifélag Selár fyrir laxateljara í  
laxastiganum í Selá vorið 1984., þannig að í fyrsta sinn fást beinar  
talningar á göngur á efra svæði árinna og mælikvarði á veiðiálag.  
Þorsteinn Þorgeirsson veitti mér góðfúslega leyfi til að athuga þessar  
niðurstöður úr laxateljaranum, og eru þær sýndar á mynd 3.

Samkvæmt teljaranum gengu 136 fiskar um stigann, en samkvæmt veiði-  
skýrslum veiddust samtals 101 fiskur ofan stiga og skiptust þeir  
þannig, að 19 eða um 19% var bleikja en um 71% lax. Ekki er unnt að  
henda reiður á flokkun laxateljarans í stærðaflokka (efra súlurit á  
mynd 3), þar sem það er ekki í neinu samræmi við stærðardreifingu í  
afla (neðra súlurit á mynd 3), en ef gengið er út frá þeirri forsendu  
að sama skipting hafi verið í göngum í stigann milli lax og bleikju  
og kemur fram í veiðiskýrslum, þá hefur samkvæmt því gengið 97 laxar

Mynd 3

Fjöldi talninga í laxateljara í Selá í Vopnafirði og flokkun hans í Stærðarflokka. Neðri myndin sýnir raunverulega flokkun í stærðir á laxi og bleikju, sem veiddist ofan við teljarann sumarið 1984.



Upplýsingar fengnar hjá Þorsteini Þorgeirssyni, Ytra-Nýpi



um stigann og af þeim veitt 72 eða 73%.

Tölur um veiðiálag í Selá hafa ekki verið til fram til þessa tíma, og einu viðmiðunarstærðir í landinu hafa verið frá Elliðaánum við Reykjavík, en tilraunir, sem þar hafa verið gerðar hafa leitt í ljós mun minna veiðiálag en kemur fram á efra svæði Selár í sumar.

Athuganir í Svartá í Húnavatnssýslu í sumar leiddu í ljós, að veiðiálag í ánni í sumar var um 80%, en áin er, eins og Selá, eingöngu veidd með stöng (Finnur Garðarsson, Pers. upplýsingar).

Ef niðurstöður teljarans eru áreiðanlegar, þá er ljóst, að þegar laxagöngur eru litlar, eins og hin síðari ár í Selá, að stangveiði getur í raun ofveitt ána og laxafjöldi, sem verður eftir að veiðitíma loknum er minni heldur en æskilegt sé til að fullnýta uppeldis-skilyrði árinna. Ekki skal fullyrt hvort um það sé að ræða á efri hluta Selár haustið 1984, en þetta háa veiðiálag gefur tilefni til þess að vera vakandi fyrir þeim möguleika.

#### LOKAORÐ.

Eins og segir hér í upphafi, verður væntanlega gert grein fyrir stöðu mála í rannsóknum í Vopnafjarðaránum frá 1979 á næsta ári. Það er fullljóst nú þegar, að niðurstöður seiðarannsóknna með rafveiðum eru erfiðar í túlkun, og ekkert augljóst sambengi milli þeirra og stærðar á einstökum laxagöngum. Til þess að unnt sé með meiri vissu að spá með einhverri nákvæmni um laxagöngur er nauðsynlegt að auk rafveiða verði komið við beinum talningum á fjölda-niðurgönguseiða í einstökum árgöngum. Slík tilraun var í fyrsta sinn gerð hér á austurlandi með gönguseiðagildru í Vesturdalsá. Árangur af þeirri tilraun var góður og gefur fullt tilefni til, að slíku tilraunastarfi verði haldið áfram á næstu árum, en hvort af því getur orðið er væntanlega að langmestu leyti undir vilja veiðifélaganna í Vopnafirði komið.

Það er ljóst, að laxárnar þrjár í Vopnafirði hafa hver fyrir sig sín séreinkenni, en um leið hefur það sýnt sig á síðustu árum, að þrátt fyrir það, þá fylgjast þær að í sveiflum í laxagöngum. Þarafleiðandi er ekki óeðlilegt að áætla, að niðurstöður tilrauna, sem gerðar eru í Vesturdalsá megi að verulegu leyti heimfæra á hinar árnar tvær. En vegna stærðar sinnar er Vesturdalsáin mjög hentug og í raun sú eina, sem hagkvæmt er að vinna tilraunir með gönguseiðagildru í.